

Heimsóknarskýrsla Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Fangageymsla

4. júlí og 7.–8. júlí 2023

OPCAT-eftirlit með stöðum þar
sem frelsissviptir dvelja

XX

UMBOÐSMAÐUR
ALÞINGIS



LÖGREGLAN

Heimsóknarskýrsla Lögreglustjórinna á Suðurlandi

Fangageymsla

4. júlí og 7.–8. júlí 2023

OPCAT-eftirlit til að hindra pyndingar
eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi
meðferð eða refsingu á stöðum þar sem
frelsissviptir einstaklingar dvelja

Útgáfudagur 30. nóvember 2023

Efnisyfirlit

1	Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar	6
2	Samantekt.....	7
3	Almennar upplýsingar.....	12
4	Inngrip og valdbeiting.....	13
4.1	Almennt.....	13
4.2	Haldlagning muna.....	13
4.3	Myndvöktun.....	14
5	Aðbúnaður í fangageymslu.....	17
5.1	Aðbúnaður í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Selfossi.....	17
5.1.1	Almennt.....	17
5.1.2	Húsnaði.....	17
5.1.3	Klefar.....	21
5.1.4	Hreinlætisaðstaða	23
6	Umsjón og eftirlit með vistuðum	27
7	Skráning	30
8	Starfsfólk.....	33
8.1	Almennt.....	33
8.2	Menntun og þjálfun	33
8.3	Starfsandi	34
9	Heilbrigðisþjónusta.....	36
9.1	Almennt.....	36
9.2	Læknisaðstoð	36
9.3	Úrræði fyrir einstaklinga með geðræn einkenni.....	37
9.4	Sjálfsvígs- og sjálfsskaðahætta	38

10	Kvörtunar- og kæruleiðir.....	40
10.1	Almennt.....	40
10.2	Upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir.....	40
11	Eftirfylgni.....	41

1 Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar

Heimsóknir umboðsmanns Alþingis í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi á Selfossi fóru fram þriðjudaginn 4. júlí og aðfaranótt laugardagsins 8. júlí 2023. Um var að ræða fjórðu heimsókn umboðsmanns í fangageymslu lögreglu á grundvelli OPCAT-eftirlits, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.¹ Lögreglunni á Suðurlandi var tilkynnt um nákvæma tímasetningu fyrri heimsóknarinnar en um seinni heimsóknina var henni gerð grein fyrir gróflega áætlaðri tímasetningu.

Áður en heimsóknirnar fóru fram var óskað eftir upplýsingum og gögnum um vistun og aðbúnað í fangageymslunni á Selfossi. Meðal annars var óskað eftir gögnum um valdbeitingu, líkamsleitir og -rannsóknir og aðgang að heilbrigðisþjónustu auk upplýsinga um verklag sem gildir um starfsemina og meðferð vistaðra. Umbeðin gögn bárust umboðsmanni 27. júní, 3. júlí og 11. júlí 2023.

Athugun umboðsmanns beindist að aðstöðu, aðbúnaði og meðferð þeirra sem eru í haldi lögreglunnar á Suðurlandi. Í fyrri heimsókninni könnuðu starfsmenn umboðsmanns aðstæður og ræddu við starfsfólk og stjórnendur. Í síðari heimsókninni, sem fór fram að næturlagi, var fylgst með starfseminni og rætt við einstakling sem vistaður var í fangaklefa. Eftifarandi starfsmenn umboðsmanns tóku þátt í heimsóknunum:

- Edda Hreinsdóttir (lögræðingur).
- Elísabet Ingólfssdóttir (lögræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT)
- Nína H. Porkelsdóttir (sérfræðingur við OPCAT-eftirlit).
- Svava Gerður Ingimundardóttir (lögræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).
- Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir (skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

¹ Áður hefur umboðsmaður heimsótt fangageymsluna á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf, fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum, <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> og fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Akureyri og Siglufirði, <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf>.

2 Samantekt

- Umboðsmaður Alþingis heimsótti fangageymslur lögreglustjórans á Suðurlandi á Selfossi 4. júlí og aðfaranótt 8. júlí 2023 á grundvelli OPCAT-eftirlits embættisins. Ekki var tilkynnt fyrir fram um nákvæma tímasetningu síðari heimsóknarinnar. Athugun umboðsmanns beindist að vistun einstaklinga í fangageymslu, aðbúnaði þar og almennu verklagi svo og starfsháttum lögreglu í tengslum við vistunina.
- Handteknir menn í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi eru að jafnaði vistaðir á lögreglustöðinni á Selfossi en þar eru sex einmenningsklefar. Á árinu 2022 voru 333 einstaklingar handteknir í umdæminu og af þeim voru 126 vistaðir í fangageymslu.
- Umboðsmaður hefur lagt áherslu á að fyrir hendi sé svigrúm til einstaklingsbundins mats á nauðsyn einstakra ákvarðana. Í skýrslunni er m.a. vikið að halldlagningu muna í fórum manna sem vistast í fangageymslu, en samkvæmt nágildandi verklagi eru allir munir fjarlægðir af viðkomandi áður en hann er færður í klefa. Af þessu tilefni er þeim tilmælum komið á framfæri við lögreglustjórann á Suðurlandi að gæta þess að framkvæmd við halldlagningu muna geri ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á þörf fyrir að fjarlægja einstaka muni, t.d. að því er varðar gleraugu og heyrnartæki.
- Í heimsókninni kom fram að stöðug myndvöktun sé viðhöfð í öllum fangaklefum. Af því tilefni er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að endurskoða framkvæmd myndvöktunar þannig að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann sæta stöðugri myndvöktun. Þeim tilmælum er sömuleiðis komið á framfæri við lögreglustjórann að fjarlægja óvirka myndavél í móttökuherbergi fangageymslu sem beinist að því svæði þar sem líkamsleit fer fram. Þá er ítrekuð ábending úr fyrri skýrslum umboðsmanns til ríkislögreglustjóra um að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennu verklagi fyrir myndvöktun í fangageymslum.

- Húsnæði lögreglustöðvarinnar á Selfossi setur starfsemi lögreglunnar nokkur takmörk, s.s. með tilliti til öryggis, friðhelgi einkalífs vistaðra og starfsaðstöðu. Með hliðsjón af þessu, svo og öðrum athugasemdum sem gerðar eru í skýrslunni, er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort það húsnæði sem nú hýsir lögreglustöðina og fangageymsluna fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til eðlis og umfangs starfseminnar.
- Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að búa þannig um skaðlega muni í fangageymslu að þeim séu ekki aðgengilegir handteknum mönnum sem kunna að fara um rýmið og tryggja sömuleiðis frágang sorps þannig að af því stafi ekki lífsýnahætta.
- Í skýrslunni eru sett fram ýmis tilmæli vegna aðbúnaðar í fangageymslunni, s.s. í tengslum við möguleika vistaðra til að fylgjast með hvað tímanum líður, ljósastýringu, skort á dagsbirtu í klefum og staðsetningu neyðarhnappa.
- Í skýrslunni er vikið að útbúnaði hurðar á þeirri hreinlætisaðstöðu sem vistuðum mönnum stendur til boða en hann er með þeim hætti að ekki er útilokað að starfsfólk geti séð til þeirra. Því er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að taka til skoðunar hvort unnt sé að haga málum þannig að vistaðir geti notað salerni þar sem næði er tryggt ef ekki er talin ástæða til þess að viðkomandi þurfi að vera í sjónmáli meðan á salernisferð stendur. Þá er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að haga verklagi í fangageymslu þannig að brugðist sé án tafar við beiðni handtekinna einstaklinga um að komast á salerni.
- Í heimsókn umboðsmanns kom fram að á lögreglustöðinni eru ekki fyrir hendi tiðavörur sem sérstaklega eru ætlaðar konum sem vistaðar eru í fangageymslu. Í ljósi þess er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að sjá til þess að tiðavörur standi til boða endurgjaldslaust og gæta þess að upplýsa um að unnt sé að óska eftir slíkum vörum. Þá skuli tryggja að þær tiðavörur sem standi til boða fullnægi ólíkum þörfum kvenna og aðgengi að vörunum þannig háttað að það sé konunum ekki til ama að óska eftir þeim eða losa sig við þær eftir notkun.
- Viðhlítandi eftirlit með þeim sem vistaðir eru í fangaklefa er ein af grunnforsendum þess að löggregla geti tryggt öryggi þeirra. Í verklagsreglum embættisins er mælst til þess að litið skuli eftir föngum á tuttugu mínútna fresti eða oftar. Hins vegar kom fram í samtlöum við starfsfólk

lögreglustöðvarinnar að innlit til vistaðra fari almennt ekki fram með reglubundnum hætti. Þess í stað sé í miklum mæli notast við myndvöktun við eftirlit með vistuðum. Í skýrslunni er m.a. bent á að eftirlitsmyndavélar komi ekki í stað rauneftirlits þótt þær geti verið mikilvægur liður í að tryggja öryggi þeirra sem dvelja í fangageymslu. Er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að haga verklagi um virkt eftirlit starfsmanna með einstaklingum í fangaklefa þannig að því sé fylgt eftir að líta inn til þeirra eigi sjaldnar en á tuttugu mínútna fresti og oftar, sé þess þörf samkvæmt mati starfsmanna hverju sinni.

- Í fangageymslu er bjöllukerfi sem gerir vistuðum kleift að ná sambandi við starfsfólk lögreglustöðvarinnar, s.s. til þess að óska eftir mat eða drykk, að komast á salerni eða ef bráðrar aðhlynningar er þörf. Meðan á heimsókn umboðsmanns stóð liðu í einu tilfelli meira en þrjátíu mínútur frá því að hljóðmerki bjöllu barst þar til viðkomandi var sinnt. Þeim tilmælum er beint til lögreglustjóra að ganga úr skugga um að föngum sé sinnt án tafar eftir að boð frá neyðarbjöllu berst úr klefa svo og að skýrt verklag gildi um þetta atriði.
- Samkvæmt reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur lögreglu o.fl. skal rita vistunarskýrslu um vistun sérhvers manns í fangageymslu. Í ákvæði reglugerðarinnar eru tilgreindar upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni, s.s. um hver tók ákvörðun um vistun, hvort handtekinn maður bar sýnilega áverka þegar hann var færður í fangaklefa, hvenær honum var borinn matur o.fl. Af athugun á vistunarskýrslum sem umboðsmanni bárust í tengslum við heimsóknina mátti ráða að skráningu þeirra atriða sem reglugerðin áskilur var að mörgu leyti ábótavant. Þessi framkvæmd virtist að einhverju leyti skýrast af því að starfsmenn skráðu hluta þessara atriða í lögreglukerfi (LÖKE) í stað vistunarskýrslu. Því er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að gæta þess að atriði sem talin eru upp í reglugerðinni séu ávallt skráð í vistunarskýrslur. Þeim tilmælum er sömuleiðis komið á framfæri við lögreglustjórn að gæta þess að skrá alla muni sem fjarlægðir hafa verið af handteknum einstaklingi í munaskýrslu og ganga úr skugga um að viðkomandi undirriti hana þegar hann hefur veitt munum sínum viðtöku að vistun lokinni.
- Í skýrslunni er vikið að þjálfun og menntun lögreglu, s.s. vopnaþjálfun og handtökuæfingum. Bent er á að starfsmenn í afleysingum hljóti ekki þjálfun eða formlega handleiðslu í gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu. Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans, eftir atvikum í

samstarfi við ríkislöggreglustjóra og dómsmálaráðherra, að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun löggreglumanna, svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaráðferðum og skyndihjálp, og að þar sé tekið fullægjandi mið af þeim skyldum sem lögregla hefur við vistun handtekinna manna.

- Þegar við upphaf vistunar getur verið tilefni til að leita til heilbrigðistarfsfólks um mat á heilsufari handtekins manns, t.d. í því skyni að ganga úr skugga um hvort þörf sé á sjúkrahúsinnlögn eða annarri heilbrigðisþjónustu. Í skýrslunni eru gerðar athugasemdir við gildandi verklag í tengslum við heilbrigðisaðstoð við vistaða, en þar er t.d. ekki getið um í hlut hvaða starfsmanns það fellur að leggja mat á hvort ástand vistaðs einstaklings sé með þeim hætti að kalla skuli eftir aðstoð læknis. Af þessu tilefni er þeirri ábendingu komið á framfæri við löggreglustjórn á Suðurlandi, eftir atvikum með aðkomu ríkislöggreglustjóra, að skýra verkferla um ábyrgð og framkvæmd mats á þörf handtekins manns fyrir heilbrigðisþjónustu. Þá er þeim tilmælum jafnframt beint til löggreglustjórans á Suðurlandi að tryggja að fram fari einstaklingsbundið mat á því hvort þörf sé á viðveru lögreglu í læknaviðtölum. Í tengslum við athugun á gögnum sem bárust frá embættinu um skráningu og utanuhald vegna sjálfsviga og sjálfsvigstilrauna bendir umboðsmaður löggreglustjóranum jafnframt að tryggja rétta skráningu á frávikum í fangageymslu og kynna sér uppfærða skráningarmöguleika sem eru fyrir hendi að þessu leyti.
- Á stjórnvöldum getur hvilt sú skylda að hafa frumkvæði að því að veita borgurunum leiðbeiningar og þá m.a. um kæruleiðir innan stjórnkerfisins. Í því sambandi er tilmælum beint til löggreglustjórans um að tryggja að upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið og starfsmönnum sé leiðbeint sérstaklega um hvernig gæta beri að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.
- Verklagsreglur sem stuðst er við í starfsemi fangageymslunnar hafa ekki verið uppfærðar frá árinu 1995. Við viinsslu skýrslunnar var upplýst að endurskoðun þeirra væri langt á veg komin. Þeirri ábendingu er komið áleiðis til löggreglustjórans á Suðurlandi að fylgja eftir þessum áformum um endurskoðun.
- Umboðsmaður mun áfram fylgjast með þróun þessara mála en óskar eftir því að löggreglustjórin á Suðurlandi og önnur stjórnvöld sem tilmælum

eða ábendingum er beint til geri grein fyrir viðbrögðum sínum í tilefni af skýrslunni fyrir 1. júní 2024.

3

Almennar upplýsingar

Lögreglustjórinna á Suðurlandi annast löggæslu í fjortán sveitarfélögum. Íbúar í lögregluumdæminu voru 29.282 í ársbyrjun 2023. Umdæmið er 30.970 ferkilómetrar og er stærsta lögregluumdæmi landsins. Aðalstöð lögreglustjóra er staðsett á Hvolsvelli en lögreglustöðvar eru á Selfossi og Höfn og lögregluvarðstofur í Vik og á Kirkjubæjklaustri.

Handteknir menn í umdæmi lögreglustjórans eru að jafnaði vistaðir á lögreglustöðinni að Hörðuvöllum 1 á Selfossi. Almennt er um að ræða vistun í skemmri tíma en 24 klukkustundir en í heimsókn umboðsmanns kom fram að ekki sé útilokað að gæsluvarðhaldfangar vistist á lögreglustöðinni og þá eftir atvikum í lengri tíma en sólarhring. Vegna nálægðar við fangelsin á Hólmsheiði og að Litla-Hrauni gerist þess þó sjaldan þörf.

Lögreglustöðin á Selfossi var tekin í notkun árið 1990. Í kjallara húsnæðisins eru sex einmenningsklefar. Á árinu 2022 voru 333 einstaklingar handteknir af lögreglunni á Suðurlandi og af þeim voru 126 vistaðir í fangageymslu.

Lögreglustjórinna á Suðurlandi hefur sett sér verklagsreglur sem stuðst er við í starfsemi fangageymslunnar. Í heimsókninni kom fram að þær hafa ekki verið uppfærðar frá setningu þeirra árið 1995. Í svari lögreglustjórans á Suðurlandi við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis vegna athugunar á verklagi hjá lögregluembættum landsins um vistaða menn í sjálfsvígshættu frá árinu 2017 kom fram að verið væri að endurskoða verklagsreglur embættisins.² Þegar heimsókn umboðsmanns fór fram síðastliðið sumar var þeirri vinnu þó enn ekki lokið og tekur umfjöllun skýrslunnar því mið af reglunum frá 1995. Í athugasemdum lögregluembættisins við skýrsludrögin, sem bárust 22. nóvember 2023, kom hins vegar fram að áformað væri að ljúka vinnu við endurskoðun verklagsregnanna á næstu vikum. Drög að uppfærðum reglum voru send umboðsmanni samhliða athugasemdunum.

Þeirri ábendingu er komið áleiðis til lögreglustjórans á Suðurlandi að fylgja áformum um útgáfu endurskoðaðra verklagsreglna embættisins um fangelsun og meðferð handtekinna manna til enda.

²

Um er að ræða eitt af gögnum í máli nr. 9939/2018 sem lokið var með bréfi 6. mars 2019.

4 Inngríp og valdbeiting

4.1

Almennt

Við OPCAT-eftirlitið er sjónum beint sérstaklega að því hvort í einhverjum tilvikum séu viðhafðar athafnir eða aðgerðir gagnvart frelsissviptum mönnum sem geti talist fela í sér pyndingar eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Vísast í því sambandi nánar til ítarlegrar umfjöllunar um lagagrundvöll inngrípa, þvingana og valdbeitingar í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu.³

Á meðal þess sem kannáð var í heimsókn umboðsmanns var verklag við leitir, s.s. likamsleitir, aðferðir sem notaðar eru þegar beita þarf þvingunum og tíðni þeirra auk notkunar valdbeitingartækja. Þar sem ekki komu upp sérstök álitamál í tengslum við þessi atriði mun umfjöllun kaflans einskorðast við haldlagningu muna í fórum vistaðra og myndvöktun í fangageymslu.

4.2

Haldlagning muna

Lögreglu er heimilt að leita á mönnum sem vistast í fangageymslu og taka til varðveislu muni sem þeir hafa í sínum fórum og geta notað sjálfum sér eða öðrum til tjóns. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmt, eyðilagst eða glatast.⁴ Af grundvallarreglunni um friðhelgi einkalifs og meginreglu stjórnsýsluréttar um meðalhóf leiðir þó að ávallt þarf að leggja mat á nauðsyn inngrípa af þessu tagi.⁵ Skrá ber muni sem teknir eru úr fórum handtekins manns í vistunarskýrslu og sérstaka munaskýrslu, þar sem

³

Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, 5.-7. kafla.* Birt á vefsíðu: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].

⁴

Sbr. 2. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

⁵

Á þetta var m.a. bent í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 43.* Birt á vefsíðu: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023]. Sjá einkum í þessu sambandi 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

einnig skal getið um afhendingu muna í lok vistunar.⁶ Nánar verður vikið að skráningu muna í 7. kafla.

Samkvæmt verlagsreglum embættisins skal fára mann úr yfirhöfn og skóm og fjarlægja úr fórum hans muni sem geta reynst hættulegir, s.s. hálsbindi, mittísól, axlabond, hnifa, eldspýtur, vindlingakveikjara, glös, gleraugu og lyf áður en hann er færður í fangaklefa.⁷ Í heimsókninni kom fram að allir munir séu undantekningarálaust teknir úr fórum vistaðra á grundvelli öryggissjónarmiða. Starfsfólk færir muni í læsta og númeraða skápa þar sem þeir eru varðveittir til loka vistunar. Þannig verður ekki annað ráðið en að halldagning allra muna hins handtekna, s.s. gleraugna, heyrnartækja og afþreyingarefnis, sé hefðbundið verklag í fangageymslunni og ráðist því ekki að neinu leyti af mati á nauðsyn í hverju tilviki fyrir sig.

Þeim tilmælum er komið á framfæri við lögreglustjórn á Suðurlandi að gæta þess að framkvæmd við halldagningu muna áður en handtekinn einstaklingur er færður í fangaklefa geri ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á þörf fyrir að fjarlægja einstaka muni.

4.3

Myndvöktun⁸

Að baki myndvöktun í fangaklefum búa m.a. sjónarmið um að með henni sé unnt að fyrirbyggja sjálfsvig, sjálffsskaða og ofbeldisatvik. Þá getur rafrænt eftirlit með vistuðum dregið úr líkum á að þeir verði fyrir ómannlegri eða vanvirðandi meðferð af hálfu starfsfólks.⁹ Hins vegar verður að hafa í huga að stöðug myndvöktun í fangaklefa felur í sér takmörkun á friðhelgi einkalifs hins vistaða.¹⁰ Þar sem myndvöktun kann að fela í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga þarf ábyrgðaraðili eftirlits af þessu tagi jafnframt að gæta að meginreglum sem eiga við um slíka vinnslu, s.s. um meðalhóf, lögmæti, sann-girni og nauðsyn vinnslu í ljósi tilgangs hennar.¹¹

⁶ Sbr. b-lið 22. gr. og 23. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl.

⁷ Sjá 7.1. gr. verlagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

⁸ Sjá ítarlega umfjöllun um myndvöktun í fangageymslum í kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 14-17. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-line-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

⁹ Sjá *Video recording in police custody. Addressing risk factors to prevent torture and ill-treatment*. Association for the Prevention of Torture (APT) og Penal Reform International, 2015, bls. 1. Birt á vefsíðu: https://www.apt.ch/sites/default/files/publications/factsheet-2_using-cctv-en_0.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].

¹⁰ Sbr. dóm Mannréttindadómtóls Evrópu, MDE, Gorlov o.fl. gegn Rússlandi, 2. júlí 2019, mál nr. 27057/06, málsgr. 82.

¹¹ Sjá 1.-6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í fangageymslu lögreglunnar á Selfossi eru sem áður segir sex fangaklefar. Allirklefarnir eru búnir eftirlitsmyndavélum. Auk þess er myndavél staðsett í almennu rými fangageymslunnar sem beint er að starfsmannaðstöðu. Vöktun útsendingar úr myndavélunum fer fram á þar til gerðum skjá á varðstofu. Meðan einstaklingar vistast í fangageymslu er ávallt viðhöfð myndvöktun en umboðsmaður hefur í fyrri skýrslum gert athugasemdir við stöðuga myndvöktun og sett fram tilmæli um að meta þurfi í hverju tilviki hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann sæta vöktun í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs.¹²

Að sögn starfsfólks er verklag með þeim hætti að handteknun einstaklingsi er tilkynnt munnlega um myndvöktun áður en hann er færður í klefa. Merkingar í klefum gefa jafnframt skýrt til kynna að þar sé viðhaft rafrænt eftirlit. Athygli vakti að í starfsmannarými fangageymslunnar var myndavél sem virtist beinast að þeim hluta rýmisins þar sem líkamsleit fer fram en samkvæmt starfsfólk er hún ónothaef. Hins vegar er ekkert sem gefur til kynna að um óvirkan búnað sé að ræða og því geta handteknir menn upplifað óþægindi telji þeir að virk myndavél beinist að þeim meðan á líkamsleit stendur.

Sjálfvirk upptaka er á eftirlitsmyndavélunum.¹³ Ekki er fyrir hendi skriflegt verklag varðandi geymslu og aðgang að efninu en samkvæmt núverandi framkvæmd er myndefni eytt sjálfkrafa eftir 90 daga nema tilefni sé til að varðveita það, s.s. vegna lögglurannsóknar. Að sögn þess starfsmanns embættisins sem hefur umsjón með varðveislu myndefnis þykir að einhverju leyti ríkja óvissa um þær reglur sem gilda um ákveðin atriði er lúta að myndvöktun, s.s. um geymslu og aðgangsstýringu. Í því samhengi má benda á að umboðsmaður hefur áður beint þeirri ábendingu til ríkislöggreglustjóra að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennu verklagi fyrir myndvöktun í fangageymslum.¹⁴

¹²

Sjá kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur löggreglustjórans á Suðurnesjum 20.-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021*, bls. 12-13. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023]. Sjá einnig kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur löggreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 14-17. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

¹³

Um þær reglur sem gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga við rafræna myndvöktun í fangaklefa visast til umfjöllunar í kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur löggreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, einkum bls. 14-15. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

¹⁴

Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur löggreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 17. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

Þeim **tilmælum** er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að endurskoða framkvæmd myndvöktunar þannig að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann sæta stöðugri myndvöktun.

Þeim **tilmælum** er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að fjarlægja myndavél í móttökuherbergi fangageymslu sem beinist að því svæði þar sem líkamsleit fer fram.

Ítrekuð er fyrri **ábending** til ríkislöggreglustjóra um að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennu verklagi fyrir myndvöktun í fangageymslum.

5 Aðbúnaður í fangageymslu

5.1 Aðbúnaður í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Selfossi

5.1.1 Almennt

Á meðal þess sem athuganir umboðsmanns Alþingis beinast að við OPCAT-eftirlit er aðbúnaður á þeim stöðum þar sem frelsissiptir dvelja og hvort sú aðstaða er í samræmi við lög, reglur og viðmið um mannúð og mannvirðingu.¹⁵ Viðunandi aðbúnaður er mikilvægur þáttur í mannúðlegri meðferð frelsissviptra einstaklinga.

Í lögreglulögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim er ekki að finna tiltekinn áskilnað um efnislegan aðbúnað í fangageymslum. Í verklagsreglum lögreglustjórans Á Suðurlandi um fangelsun og meðferð handtekinna manna er ekki fjallað sérstaklega um efnislegan aðbúnað ef frá er talið ákvæði um að ræsta skuli fangaklefa eftir notkun og sjá til þess að nægar birgðir séu til af hreinum teppum.¹⁶

Í ákveðnum tilvikum getur slæmur aðbúnaður í varðhaldi falið í sér brot gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í því sambandi getur m.a. framboð af mat og drykk, persónulegt rými og hreinlæti vakið upp álitaefni, svo og tíma-lengd vistunar við bágan aðbúnað.¹⁷ Þá hafa fjölpjóðlegir eftirlitsaðilar mælst til þess að ákveðnar grunnkröfur til aðbúnaðar í varðhaldi séu uppfylltar en um nánari umfjöllun um þær er vísað til skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu.¹⁸

5.1.2 Húsnaði

Lögreglustöðin á Selfossi hefur verið til húsa að Hörðuvöllum 1 frá 1990. Á jarð-hæð eru skrifstofurými, kaffistofa starfsfólks og viðtalsherbergi. Kjallari hússins hýsir m.a. fangageymslu, skjalageymslu, hvíldaraðstöðu starfsfólks og æfingarárými. Húsið var á sínum tíma byggt sérstaklega með starfsemina í huga

¹⁵ Þetta leiðir af 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

¹⁶ Sjá 10.1. gr. verklagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

¹⁷ Sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, Ciorap gegn Moldóvu, mál nr. 12066/02, 19. júní 2007, málsgr. 70–71.

¹⁸ Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 49. Birt á vefsíðu https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].

en vegna mannfjölgunar á svæðinu og aukinna umsvifa í starfsemi lögreglunnar á síðustu árum er ljóst að húsakosturinn tekur ekki lengur með fullnægjandi hætti mið af núverandi starfsemi og umfangi. Þannig vakti það sérstaklega athygli hversu þróngt er um starfsemina og ber aðstaða til funda og þeirra lögreglustarfa sem t.d. felast í skráningu þess sérstaklega merki. Þá var ljóst að uppsöfnun muna og skjala í ýmsum rýmum stöðvarinnar vegna plássleysis er farin að hafa töluverð áhrif á mögulega nýtingu húsrýmisins.

Þá má nefna að lögreglustöðin er ekki umgirt og staðsetning hennar innan um íbúðarhús og bílastæði veldur því að nærstaddir geta fylgst með handteknum mönnum í námunda við bygginguna.¹⁹ Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki er oftast komið með handtekna menn í bifreið inn um bílskúr á jarðhæð byggingarinnar en þegar þeir losna úr haldi yfirgefa þeir bygginguna af sjálfsdáðum, t.d. um bakdyr hennar sem sjást vel frá bílastæði nærliggjandi fjölbýlishúss. Hlýtur þetta fyrirkomulag að teljast óheppilegt með tilliti til einkalifs hins handtekna.

Mynd 1

Fjölbýlishús í nágrenni lögreglustöðvarinnar



Á lögreglustöðinni er eitt viðtalsherbergi sem einkum er nýtt til skýrslutöku. Herbergið er staðsett á gangi á jarðhæð lögreglustöðvarinnar þar sem einnig eru

¹⁹

Sjá mynd 1.

skrifstofur starfsfólks. Starfsfólk sem umboðsmaður ræddi við meðan á heim-sókninni stóð lýsti því að í þessum hluta lögreglustöðvarinnar væri oft mikill umgangur og af þeim sökum ekki unnt að tryggja að skýrslutaka fari fram í al-gjöru næði. Þá má einnig nefna að þegar handtekinn maður er færður til yfir-heyrslu er ekki hjá því komist að hann sé leiddur í gegnum stóran hluta stöðvar-innar, m.a. fram hjá skrifstofurýmum starfsfólks. Að því leyti er núverandi stað-setning skýrslutökuherbergis ekki ákjósanleg m.t.t. öryggis starfsfólks og hins handtekna og getur hún jafnframt verið hinum handtekna til ama. Í þessu sam-bandí er einnig vert að minna á áskilnað laga um meðferð sakamála um að form-leg skýrslutaka löggreglu af sakborningi og vitnum skuli fara fram fyrir luktum dyrum, þ.e.a.s. án þess að aðrir heyri eða sjái til.²⁰

Eins og áður sagði er framkvæmdin almennt sú að komið er með hand-tekna menn á lögreglustöðina í bifreið sem ekið er inn í bílskúr. Samkvæmt starfsfólkí er það metið eftir aðstæðum hverju sinni hvort notast er við lyftu eða stíga til þess að leiða handtekna menn niður í fangageymslu lögreglustöðvar-innar. Bílskúrinn er einnig nýttur sem geymsla, t.a.m. fyrir handverkfæri sem tyllt hefur verið á snaga á vegg milli lyftu og inngangs að lögreglustöðinni.²¹ Sé litið til þess að handteknir menn, stundum án handjárna, eru leiddir fram hjá verkfærunum á leið sinni frá lögreglubifreið niður í fangageymslu hlýtur stað-setning verkfæranna og umbúnaður að teljast óheppilegur m.t.t. öryggis starfs-fólks og hins handtekna.

Eins vakti eftirtekt að í móttökurými fangageymslunnar mátti finna ýmsa muni sem ekki hafði verið gengið frá eða komið fyrir á tryggilegan hátt. Sem dæmi má nefna að blóðsýnahólkum og sýnatökusettum, sem geymd eru í starfsmannarými fangageymslunnar, var ekki komið fyrir í lokuðum hirslum og því sýnileg handteknim mönum sem komið er með í fangageymsluna.²² Einnig virtust vanhöld á að tryggja frágang sorps sem getur haft í för með sér lífsýnahættu, en á dyristaf eins klefans var blóðugur bómullarhnoðri á plástri auk þess sem notuð sprauta hafði ekki ratað á fullnægjandi hátt í þar til gerða sorptunnu í móttökurými. Þá var hurð opin að þvottahúsi fangageymslunnar en þar eru ýmis hreinsiefni í hillu á áberandi stað. Líkt og áður kom fram er núver-andi húsakostur lögreglustöðvarinnar þróngur og umboðsmaður sýnir því skilning að slíkar aðstæður geti haft í för með sér áskoranir varðandi geymslupláss og skipulag. Það er þó engu að síður mikilvægt að hindra eftir fremsta megni aðgang handtekinna manna að munum sem kunna að ógna öryggi og heilsu, sérstaklega þegar haft er í huga að oft eru einstaklingar sem vistast í fangageymslu í annarlegu ástandi, til að mynda vegna neyslu vímuefna og/eða geðs-hræringar.

²⁰ Sbr. 1. málsl. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

²¹ Sjá mynd 2.

²² Sjá mynd 3.

Mynd 2

Í bílskúr lögreglustöðvarinnar



Mynd 3

Sýnatökubúnaður í móttökurými fangageymslu



Þeim tilmælum er beint til dómsmálaráðherra að meta hvort það húsnæði sem nú hýsir lögreglustöðina og fangageymsluna við Hörðuvelli á Selfossi fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar og umfangs hennar með hliðsjón af ofangreindum athugasemdum og eftir atvikum meta hvort og þá til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta þar úr.

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að búa þannig um skaðlega muni að þeir séu ekki aðgengilegir handteknum mönnum sem kunna að fara um rýmið og tryggja frágang sorps þannig að ekki stafi lífsýnahætta af því.

5.1.3 Klefar

Á gangi fangageymslunnar eru sex einmenningsklefar. Fimm þeirra eru tæpir sjö fermetrar að stærð en einn klefi, sem staðsettur er við enda gangsins, er ögn stærri. Að sögn starfsfólks er sá klefi sjaldan notaður vegna þess að ekki er unnt að sjá klefann í heild sinni inn um gluggahlera. Í hverjum klefa er steyptur bekkur ásamt dýnu með plastáklæði.²³ Klefahurðir eru úr stáli og á þeim er gluggahleri með rúðu sem hægt er að opna að utanverðu. Á hverjum klefa eru glersteinsgluggar sem vísa út að gangi fangageymslunnar.²⁴

Líkt og fram hefur komið í fyrri skýrslum umboðsmanns vegna heimsókna á lögreglustöðvar hafa fjölpjóðlegir eftirlitsaðilar sett fram viðmið þar sem mælst er til þess að ákveðnar grunnkröfur séu uppfylltar varðandi aðbúnað í fangaklefum lögreglu. Um þessi viðmið er einkum vísað til umfjöllunar í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu á Hverfisgötu.²⁵ Hvað aðbúnað í fangageymslu lögreglunnar á Suðurlandi varðar komu eftirfarandi atriði einkum til álita:

- Engin klukka er í fangaklefum eða annars staðar í augsýn vistaðra.
- Aðeins er hægt að stýra lýsingu í klefum utan frá.
- Lítill dagsbirta er í klefum.
- Neyðarhnappar í klefum eru staðsettir fremur hátt uppi.
- Kalt getur orðið í klefum.
- Loftgæði eru á tíðum slæm, s.s. vegna reykinga.
- Vatnshanar eru í klefum en vatnið úr þeim brúnleitt og gruggugt og því litið svo á að ekki sé aðgengi að hreinu vatni inni í klefum.

²³ Sjá mynd 4.

²⁴ Sjá mynd 5.

²⁵ Sjá kafla 8.1 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 48-49.* Birt á vefsíðu: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].


Mynd 4

Dýna og bekkur í fangaklefa



Mynd 5

Inni í fangaklefa



Í tengslum við vistun handtekinna manna og aðbúnað í fangageymslu er eftirfarandi **tilmælum** komið á framfæri við lögreglustjórann á Suðurlandi:

- Endurskoða þarf staðsetningu neyðarhnappa í klefum svo þeir verði að gengilegri fólk með hreyfihömlun og öðrum sem hafa skerta hreyfigetu, t.d. vegna ölvunar eða lyfjaáhrifa.
- Að leitað verði leiða til þess að gera handteknum mönnum kleift að stýra lýsingu inni í klefum, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra henni að utan, eins og nú er.
- Gera þarf handteknum mönnum kleift að sjá hvað tímanum líður meðan þeir dvelja í fangaklefa, m.a. svo þeim sé unnt að gæta að réttindum sínum í tengslum við lengd vistunar.
- Í ljósi þess að einstaklingar í fangaklefa hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni í klefum sínum skal tryggja að skjótt sé brugðist við óskum þeirra um vatn.

Jafnframt er þeiri **ábendingu** komið á framfæri við lögreglustjórann á Suðurlandi að taka til skoðunar hvort unnt sé að bæta loftgæði og hitastig í fangageymslu.

5.1.4

Hreinlætisaðstaða

Fangaklefar eru ekki búnir salernisaðstöðu en í fangageymslunni er sameiginleg hreinlætisaðstaða með salerni og handlaug úr stáli ásamt sturtu.²⁶ Hreinlætisaðstöðunni er lokað með hurð úr stáli sem nær ekki alla leið upp í toppstykki dyrakarmsins, en með því móti er starfsfólk að einhverju leyti unnt að hafa auga með hinum handtekna meðan hann notar hreinlætisaðstöðuna. Nánar tiltekið er efri hluti sturtunnar sjáanlegur meðan hurðin er lokað og eins ekki útilokað að sjáist til einstaklinga meðan þeir nota salernið.²⁷ Að sögn starfsmanna hafa vistaðir gert athugasemdir við hurðina og jafnvel veigrað sér við að nota salernið vegna skorts á næði. Umboðsmaður hefur skilning á því að m.a. með tilliti til rannsóknarhagsmuna og öryggis hins handtekna getur i einhverjum tilvikum verið nauðsynlegt að hafa eftirlit með viðkomandi öllum stundum, þar með talið þegar hreinlætisaðstaða er notuð. Til þess að ekki sé gengið óþarflega nærrí friðhelgi einkalífs og mannlegri reisn þeirra sem vistast

²⁶
²⁷

Sjá mynd 6.
Sjá mynd 7.

í fangageymslu væri þó ákjósanlegra ef vistaðir hefðu kost á að nota salernis-aðstöðu þar sem næði er tryggt, sé það mat starfsfólks að ekki sé þörf á eftirliti með hinum handtekna meðan á salernisferð stendur.

CPT-nefndin hefur áréttáð að gera eigi handteknum mönnum kleift að nota salerni eftir þörfum og aðstæður til þess skuli vera hreinar og vel búnar. Þá skuli viðkomandi hafa aðgengi að fullnægjandi aðstöðu til þess að þrífa sig.²⁸ Ekki er getið sérstaklega um verklag í tengslum við salernisferðir vistaðra í verk-lagsreglum lögreglustjórans á Suðurlandi en samkvæmt starfsfólki er fram-kvæmdin almennt með þeim hætti að tveir starfsmenn fylgja viðkomandi til og frá hreinlætisaðstöðu fangageymslunnar. Ef starfsmenn meta það svo að vistaður einstaklingur sé mjög órælegur eða sýni af sér ógnandi hegðun sé beðið með salernisferð þar til hann hefur róast. Kom þetta til álita meðan á heimsókn umboðsmanns stóð. Maður sem vistaður var í fangaklefa hafði sýnt starfsfólki hranalegt viðmót og neitað að segja til nafns. Þegar hann bað um að fá að nota salernið var honum tjáð af starfsmanni að ekki væri hægt að verða við bón hans fyrr en hann gæfi upp nafn sitt. Í ljósi ofangreindra viðmiða CPT-nefndarinnar og almennra sjónarmiða um mannvirðingu og mannúðlegan aðbúnað frelsis-sviptra gerir umboðsmaður athugasemdir við ofangreinda framkvæmd.

Líkt og umboðsmaður hefur áður fjallað um hafa konur að sumu leyti aðrar hreinlætisþarfir en karlar, s.s. vegna tíðablæðinga og í tengslum við með-göngu og brjósttagjöf. Um nánari umfjöllun um fjölbjóðleg viðmið í tengslum við hreinlætisþarfir kvenfanga vísast til þemaskýrslu umboðsmanns um konur í fangelsi, en í skýrslunni var m.a. þeim tilmælum beint til fangelsanna að Hólms-heiði og Sogni að kvenföngum skyldi tryggður aðgangur að tíðavörum þeim að kostnaðarlausu.²⁹ Samkvæmt starfsmönnum lögreglustöðvarinnar á Suður-landi eru ekki fyrir hendi tíðavörur á lögreglustöðinni sérstaklega ætlaðar konum sem vistaðar eru í fangageymslu. Að þeirra sögn eru óskir um tíðavörur frá vistuðum sjaldgæfar en ef nauðsyn krefði væri mögulegt að afhenda þeim bindi sem ætluð eru fyrir konur sem starfa á lögreglustöðinni. Við innkomu fá handteknar konur ekki upplýsingar um hvernig þær geti boríð sig að ef þær þurfa á tíðavörum að halda meðan á vistun stendur, en í því sambandi má nefna að konur í haldi lögreglu ættu ekki að þurfa að upplifa skömm þegar óskað er

²⁸

Sjá 2nd General Report on the CPT's activities covering the period 1 January to 31 December 1991. CPT/Inf(92)3, málsgr. 42. Birt á vefsíðu: <https://rm.coe.int/1680696a3f> [sótt á vef 29. nóvember 2023]. Sjá einnig Monitoring places of detention. A practical guide. Association for the Prevention of Torture (APT), apríl 2004, bls. 146–147. Birt á vefsíðu: <https://www.apt.ch/sites/default/files/publications-monitoring-guide-en.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

²⁹

Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis um konur í fangelsi 2023, bls. 27–28. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10268/opcat-skýrsla-konur-i-fangelsi.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

eftir slíkum vörum.³⁰ Þar sem ekki er hreinlætisaðstaða í fangaklefum er jafnframt mikilvægt að brugðist sé skjótt við óskum kvenfanga um aðgang að salerni og að þar sé hægt að losa sig við tíðavörur.

Myndir 6 og 7 Hreinlætisaðstaða í fangageymslu



Þeim **tilmælum** er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að taka til skoðunar hvort unnt sé að haga málum þannig að vistaðir geti notað salerni þar sem næði er tryggt ef ekki er talin ástæða til þess að viðkomandi þurfi að vera í sjónmáli meðan á salernisferð stendur.

³⁰

Til hliðsjónar má benda á að í athugasemendum við 5. gr. reglna Sameinuðu þjóðanna um meðferð kvenfanga og úrreði fyrir kvenkyns brotamenn á skilorði (Bangkok-reglnanna) segir m.a. að konum í afplánun ætti að vera kleift að losa sig við notaðar tíðavörur á öruggan hátt og þær eigi möguleika á að nálgast sliðar vörur án þess að upplifa skömm, t.d. að þeim sé dreift af kvenkyns starfsmanni eða að vörurnar séu aðgengilegar án þess að þær þurfi að óska sérstaklega eftir þeim. Birt á vefslóð: https://www.unodc.org/documents/justice-and-prison-reform/Bangkok_Rules_ENG_22032015.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að haga verklagi í fangageymslu þannig að brugðist sé við beiðni handtekinna einstaklinga um að komast á salerni án tafar, sé þess nokkur kostur.

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að sjá til þess að tíðavörur standi konum sem vistast í fangageymslu til boða endurgjaldslaust. Gæta skal þess að þær fái vitneskju um að þær geti óskað eftir slíkum vörum. Þá skal tryggja að tíðavörur sem lögreglan útvegar séu með þeim hætti að þær fullnægi ólíkum þörfum kvenna og aðgengi að vörnum þannig háttar að það sé konum ekki til ama að óska eftir þeim eða losa sig við þær.

6

Umsjón og eftirlit með vistuðum

Lögregla ber ábyrgð á að gæta öryggis einstaklinga sem vistaðir eru í fangageymslu.³¹ Viðhlítandi eftirlit með þeim sem vistaðir eru í fangaklefa er grunnforsenda þess að lögregla geti rækt þessa skyldu sína en flest lögreglumdæmi hafa sett sér verklagsreglur um eftirlit með vistuðum, s.s. um tíðni reglubundinna innlita og aðferðir sem notaðar eru til eftirlitsins. Í verklagsreglum lögreglustjórans á Suðurlandi segir t.d. að litið skuli eftir föngum eigi sjaldnar en á tuttugu mínútna fresti og oftar ef þurfa þykir. Á varðgöngu skuli athuga hvernig hverjum fanga liður og hvort hann þurfi einhvers með.³² Líkt og fjallað var um í kafla 4.3 eru allir klefar fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi nú búnir eftirlitsmyndavélu.

Samkvæmt starfsfólki fer innlit til vistaðra ekki fram með reglubundnum hætti, líkt og kveðið er á um í verklagsreglum embættisins, heldur sé í meira mæli notast við myndvöktun við eftirlitið. Þannig sé litið til fanga ef tilefni er til, t.d. ef útsending úr klefa sýnir að vistaður einstaklingur virðist hafa legið hreyfingarlaus í einhvær tíma. Þótt myndvöktun í fangageymslum sé mikilvægur liður í því að tryggja öryggi vistaðra, t.d. með því að gera starfsfólki kleift að fylgjast með einstaklingum sem teljast í sjálfsvígs- og sjálffsskaðahættu, hafa fjölpjólegir aðilar bent á að eftirlitsmyndavélar í klefum komi ekki í stað raun-eftirlits og ofnotkun myndvöktunar á kostnað beinna samskipta geti grafið undan viðhorfum um mannúð og mannvirðingu á stöðum þar sem frelsissiptir dvelja.³³ Þá kom ekki fram af hálfu starfsfólks að fram færi einstaklingsbundið mat á þörf á innliti, svo sem hvort líta þurfi reglulegar inn til viðkomandi á grundvelli ástands hans, t.d. vegna vímuástands eða geðshræringar.

Starfsfólk hefur afskipti af vistuðum við fleiri tilefni, t.d. vegna skýrslutöku eða sýnatöku í þágu rannsóknar, en eðli málsins samkvæmt eru þessi af-

³¹

Sjá t.d. 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 5. kafla verklagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

³²

Sjá 8. kafla verklagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

³³

Sjá *Video recording in police custody. Addressing risk factors to prevent torture and ill-treatment. Association for the Prevention of Torture (APT) og Penal Reform International, 2015, bls. 1. Birt á vefsíðu: https://www.apt.ch/sites/default/files/publications/factsheet-2_using-cctv-en_0.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].*

skipti af mismiklum toga. Þá er að sögn starfsfólks almennt farið eftir því verklagi að bjóða vistuðum mat þegar þeir vakna á morgnana. Þurfi vistaður að komast á salerni, þarfnið hann matar/drykkjar eða aðstoðar að öðru leyti, geti hann náð sambandi við starfsfólk með því að þrýsta á bjöllu í klefa. Þá heyrir hljóðmerki á jarðhæð lögreglustöðvarinnar úr hátalara sem staðsettur er í kaffistofu starfsfólks. Í tengslum við bjöllukerfi fangageymslunnar vöktu einkum tvö atriði eftirtekt. Í fyrsta lagi er hljóðstyrkur hljóðmerkisins lágor og hlýtur staðsetning hátalara á kaffistofu lögreglustöðvarinnar, þ.e.a.s. í erilsömu rými í talsverðri fjarlægð frá skrifstofum starfsmanna, að teljast óheppileg. Í öðru lagi kom fyrir að starfsfólk brygðist seint við boðum vistaðra. Meðan á heimsókn umboðsmanns stóð liðu í einu tilfelli meira en þrjátíu mínútur frá því að hljóðmerki barst og þar til viðkomandi var sinnt. Í ljósi þess að um er að ræða einu boðskiptaleið sem einstaklingur í fangaklefa hefur við starfsfólk, þ.m.t. ef um er að ræða neyðartilvik, vekur þessi framkvæmd óhjákvæmilega upp spurningar um hvort öryggi vistaðra sé tryggt með fullnæggjandi hætti.

Varðstjóri er yfirmaður vaktar og ber ábyrgð á innsetningu og gæslu þeirra sem vistast í fangageymslu.³⁴ Á meðal verkefna hans er að sinna viðoveru í vaktherbergi þar sem fram fer eftirlit með efni úr myndavélum. Samhliða því eftirliti sinnir varðstjóri fjölmögum verkefnum, s.s. í tengslum við skráningu, samskipti út á við, umsjón með starfsfólk o.fl. Þegar umboðsmaður heimsótti lögreglustöðina á Selfossi að næturlagi voru aðstæður með þeim hætti að álag var mikil og varðstjóri þurfti að huga að ýmsum verkefnum samhliða myndavélaeftirliti. Starfsmenn umboðsmanns urðu þess áskynja að varðstjóri yfirlagði vaktherbergið stuttlega í nokkur skipti meðan á vaktinni stóð án þess að tryggja að starfsmaður væri í herberginu til þess að leysa hann af við að sinna myndavélaeftirliti. Verður þessi framkvæmd að teljast óheppileg, sér í lagi þegar höfð er í huga ofangreind umfjöllun um skort á reglubundnu innliti og lágan hljóðstyrk hljóðmerkja þegar bjöllu er hringt.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurlandi sinna tveir vakthafandi lögreglumenn gæslu handtekinna manna hverju sinni. Sem yfirmaður vaktar er það varðstjóri sem tekur ákvörðun um hverjur sinna verkefninu. Viðhorf starfsmanna lögreglustöðvarinnar í garð þessarar gæslu virtist almennt ekki jákvætt. Af viðtolum við starfsfólk mátti ráða að í einhverjum tilvikum kynni það að orsakast af því að á meðan starfsmenn sinna fangavörsu eru þeir staðsettir á lögreglustöðinni þar til vaktinni lýkur og taka ekki þátt í öðrum lögreglustörfum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að gæsla handtekinna er þáttur í starfi þeirra lögreglumannar sem sinna hefðbundnum lögreglustörfum á starfsstöð þar sem fangageymslur eru staðsettar og mikilvægt er að þessu verkefni sé sinnt af natni og að viðmót í garð vistaðra og umtal um þá á starfsstöð

³⁴

Sjá 5. kafla verlagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

einkennist af manngæsku og virðingu. Það kemur í hlut stjórnenda að fara fram með góðu fordæmi og stuðla þannig að því að festa í sessi uppbyggilega menningu og jákvæð viðhorf í garð starfsins og þeirra sem vistast í fangageymslu.

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að haga verklagi um virkt eftirlit starfsmanna með einstaklingum í fangaklefa þannig að því sé fylgt eftir að líta inn til þeirra eigi sjaldnar en á tuttugu mínútna fresti og oftar, sé bess þörf. Þá þarf jafnframt að hafa í huga að eftirlitið taki með fullnægjandi hætti mið af atvikum hverju sinni og trýggi að einstaklingsbundið mat fari fram á því hversu reglulegt það skuli vera með örþeggi að leiðarljósi samhliða því að gætt sé meðalhófs.

Þeim tilmælum er sömuleiðis komið á framfæri við lögreglustjórnann á Suðurlandi að ganga úr skugga um að föngum sé sinnt strax eða skömmu eftir að boð frá neyðarbjöllu berst úr klefa og að skýrt og samræmt verklag gildi um þetta atriði.

7 Skráning

Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl. segir að rituð skuli vistunarskýrsla um vistun sérhvers manns í fangageymslu lögreglu.³⁵ Þar kemur fram að eftirfarandi upplýsingar skuli koma fram í vistunarskýrslu:

- a. hver tók ákvörðun um vistun handtekins manns í fangaklefa,
- b. um muni sem voru teknir úr fórum handtekins manns áður en hann var vistaður í fangaklefa,
- c. hvort handtekinn maður bar sýnilega áverka þegar hann var færður í fangaklefa,
- d. númer fangaklefa sem handtekinn maður var færður í og innsetningarnúmer ef því er að skipta,
- e. heimsóknir verjanda og annarra,
- f. hvenær handteknum manni var borinn matur,
- g. á hvaða tímabili handtekinn maður var yfirheyrður,
- h. hvenær handtekinn maður var leiddur fyrir dómara,
- i. hvenær handtekinn maður var á ný færður í fangageymslu lögreglu, ef því var að skipta eða láttinn laus að skipun dómara,
- j. hvenær handtekinn maður var færður í gæsluvarðhaldsfangelsi eða afþlánunarfangelsi, ef því var að skipta,
- k. annað er máli kann að skipta varðandi vistunina, s.s. ef handtekinn maður var færður til læknis, á sjúkrahús, á aðra lögreglustöð, til annars lögreglu-embættis o.s.frv.,
- l. hvenær handtekinn maður var láttinn laus.

CPT-nefndin hefur árétt að réttaröryggi handtekinna einstaklinga aukist til muna séu atriði sem snúa að vistuninni skráð á ítarlegan hátt á sama stað, þ.e. í sömu skýrslu. Þau atriði sem beri að skrá í vistunarskýrslu eru í stórum

³⁵

Sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl.

dráttum þau sömu og áskilin eru í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl., og rakin eru að ofan.³⁶

Í tengslum við undirbúning heimsóknarinnar óskaði umboðsmaður eftir afritum af vistunarskýrslum þeirra einstaklinga sem vistuðust í fangageymslu lögreglunnar á tveggja vikna tímabili vorið 2023. Í kjölfar heimsóknarinnar óskaði umboðsmaður eftir að fá afrit af síðustu tíu vistunarskýrslum auk annarra skráninga tengdum viðkomandi máli, s.s. í lögreglukerfi (LÖKE). Alls bárust umboðsmanni afrit af 33 skýrslum en 17 þeirra fylgdu dagbókarskránningar sem færðar höfðu verið inn i LÖKE.

Af athugun á þeim vistunarskýrslum sem umboðsmanni bárust má ráða að munir sem teknir eru úr fórum handtekinna manna séu hvorki skráðir í munaskýrslu³⁷ né vistunarskýrslu.³⁸ Athygli vakti að form vistunarskýrslna gerir ráð fyrir slíkri skráningu, en þrátt fyrir það voru munir ekki skráðir í neina af þeim skýrslum sem umboðsmaður kannaði. Að sögn starfsfólks er venjan sú að búkmyndavélu lögreglumannna sé beint að mununum áður en þeim er komið fyrir í læstum skáp. Ástæða er til að áréttu að slik framkvæmd leysir lögreglumenn ekki undan þeirri skyldu að skrásetja muni sem teknir eru úr fórum handtekinna í vistunarskýrslu og munaskýrslu.

Í níu skýrslur vantaði skráningu um hvort hinn handteknari bæri sýnilega áverka, líkt og áskilið er í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna.³⁹ Ekki var unnt að álykta sem svo að vontun á skráningu mætti túlka þannig að viðkomandi bæri enga sýnilega áverka þar sem í sumum skýrslum var sérstaklega skráð að sýnilegum áverkum væri ekki til að dreifa. Þá var dæmi um vistunarskýrslu þar sem fram kom að hinn handteknari hefði lent í umferðaráhappi en hvergi getið um líkamlegt eða andlegt ástand hans við komu á lögreglustöð eða hvort honum hafi verið komið undir læknishendur. Einnig var dæmi um skýrslu þar sem tekið var fram að á hinum vistaða sæjust meiri háttar áverkar en ekki kom fram hvort hann hafi hlutið heilbrigðisþjónustu vegna áverka sinna. Verður sú framkvæmd sem hér hefur verið lýst að teljast óheppileg með tilliti til réttaröryggis hins handtekna, auk þess sem vanskráning af þessu tagi gerir eftirlitsaðilum, þ. á m. umboðsmanni Alþingis, erfitt um vik við eftirlit sitt.

Form vistunarskýrslna gerir ráð fyrir að atriði sem tengjast vistun einstaklings skuli skráð í hlutann „dagbók vistunar“. Af þeim skýrslum sem umboðsmaður skoðaði var skráning í þessum hluta vistunarskýrslu ýmist ekki til staðar eða afar innihaldsrýr. Af samanburði á vistunarskýrslum og dagbókar-skráningum í LÖKE mátti greina tilhneigingu til þess að skrá upplýsingar af

³⁶

Sjá *Police Custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, published in 1992*, CPT/Inf(92)3-part1, málsgр. 40. Birt á vefsíðu: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

³⁷

Sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl.

³⁸

Sbr. b-lið 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl.

³⁹

Sbr. c-lið 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl.

þessu tagi í LÖKE, í stað vistunarskýrslu. Af því tilefni ber að áréttu að samkvæmt reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna ber að skrá ýmis atriði er tengjast vistun einstaklings í vistunarskýrslu, s.s. hvort honum hafi verið borinn matur eða drykkur, hvort hann hafi fengið heimsóknir eða hvort hann hafi verið færður á sjúkrahús meðan á vistun stóð, og dugir því skráning þessara atriða í LÖKE ekki ein og sér.⁴⁰

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að gæta þess að þau atriði sem talin eru upp í 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl., séu ávallt skráð í vistunarskýrslur handtekinna.

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að gæta þess að skrá alla muni sem fjarlægðir hafa verið af handteknim einstaklingi í munaskýrslu og ganga úr skugga um að viðkomandi undirriti hana þegar hann hefur veitt munum sínum viðtöku að vistun lokinni.

⁴⁰

Sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl.

8 Starfsfólk

8.1

Almennt

Á lögreglustöðinni á Selfossi starfa tuttugu lögreglumenn, þar af sjö lögregluvarðstjórar og tveir rannsóknarlöggreglumenn. Að auki var 31 lögreglumaður í afleysingum starfandi við lögreglustöðina þegar heimsóknir umboðsmanns fóru fram.⁴¹ Á hverri vakt starfa fimm til sex lögreglumenn en að sögn stjórnenda er reynt að haga vaktaskipulagi þannig að um helmingur lögreglumanna á vakt hverju sinni hafi lokið námi í lögreglufræðum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurlandi er umsjón og ábyrgð á handteknunum mönnum og vistun þeirra í höndum varðstjóra vaktar hverju sinni. Ekki er ráðið sérstaklega í stöður þeirra sem sinna gæslu manna í fangaklefa heldur sinna vakthafandi lögreglumenn því starfi. Verkefni þeirra tengjast m.a. aðhlynningu og eftirliti með handteknun, aðstoð við öryggisleit og sýnatökur, ásamt skráningu upplýsinga í LÖKE.

8.2

Menntun og þjálfun

Lögreglunám var fært á háskólastig árið 2016 og er nú kennt í grunnnámi við Háskólann á Akureyri, ýmist sem tveggja ára diplóma fyrir verðandi eða starfandi lögreglumenn eða þriggja ára nám til BA-gráðu í lögreglu- og löggæslufræðum.⁴² Námsleiðin samanstendur annars vegar af bóklegu námi en hins vegar af starfsnámi, sem mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu annast í samstarfi við háskólann.⁴³

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu hefur jafnframt umsjón með símenntun lögreglumanna innan lögreglunnar og öðrum verkefnum sem tengjast menntun og fræðslu lögreglu.⁴⁴ Haustið 2023 bauð mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu upp á 27 námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur tengdar ó

⁴¹

Miðað við upplýsingar frá 11. júlí 2023.

⁴²

Síðanálar á vefsíðu Háskólags á Akureyri, <https://www.unak.is/is/namid/namsframboð/allt-nam#grunnnam> [sótt 29. nóvember 2023].

⁴³

Sbr. 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

⁴⁴

Sbr. b- og f-lið 3. gr. reglugerðar nr. 221/2017, um mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu.

líkum viðfangsefnum og áskorunum, s.s. hatursglæpum, vefveiðum, skotþjálfun og kynjuðu ofbeldi.⁴⁵ Þátttaka á námskeiðum mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar er ólaunuð og ekki hluti af vinnuskyldu lögreglumanna. Að mati starfsmanna lögreglunnar á Suðurlandi sem umboðsmaður ræddi við er núverandi fyrirkomulag til þess fallið að draga úr hvata starfsfólks til þess að sækja sér sí- og endurmenntun, þótt námsframboð sé með ágætum.

Það kemur í hlut lögreglustjóra að tryggja að lögreglumenn við embætti hans viðhaldi þekkingu á reglum um valdbeitingu lögreglumanna og fái nauðsynlega viðhaldsþjálfun í beitingu vopna sem lögreglu er heimilt að nota samkvæmt þeim. Miðað er við að vopnabjálfun fari fram árlega og að lögreglumenn standist verklegt hæfnispróf í notkun viðkomandi skotvopns, samkvæmt nánari fyrirmælum sem ríkislöggreglustjóri setur varðandi fjölda árlegra æfinga og lágmarkskröfur.⁴⁶ Samkvæmt viðbúnaðarskipulagi lögreglu er nú miðað við sex handtökuæfingar á ári en fimm æfingar í beitingu skotvopna. Að sögn þjálfara hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi hefur því marki sjaldan verið náð á undanförnum árum, m.a. vegna þess að þjálfun er ekki hluti af starfs skyldum lögreglumanna samkvæmt kjara- og ráðningarsamningum, líkt og fyrr sagði. Eins og málum er nú háttað hjá embættinu fer þjálfun fram meðan á vakt stendur, þ.e.a.s. ef mannaflí leyfir. Alls starfa sjö lögreglumenn embættisins við þjálfun í hlustarfi og hafa þeir allir lokið þjálfaranámskeiði hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu.

Líkt og áður sagði eru lögreglumenn í afleysingum stór hluti starfsliðsins en þeir ljúka vikulöngu undirbúningsnámskeiði áður en þeir hefja störf. Um er að ræða grunnþjálfun sem lýtur að helstu verkefnum og áskorunum sem lögreglumenn takast á við í starfi. Ekki er vikið sérstaklega að gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu á undirbúningsnámskeiði fyrir afleysingafólk og ekki fer fram formleg handleiðsla um þennan hluta starfsins þegar afleysingafólk hefur störf.

8.3 Starfsandi

Af viðtölum við starfsfólk mátti ráða að starfsandi á lögreglustöðinni væri góður og merkja mátti almenna ánægju með störf stjórnenda. Starfsfólk taldi sig fá nægilegan stuðning eftir erfið atvik og nefndi í því samhengi góða reynslu af félagastuðningi, sem er stuðningsúrræði sem tekið var upp á vinnustaðnum vorið 2023. Flestir starfsmenn sem rætt var við upplifðu sig örugga í vinnunni þótt nefndar hafi verið áskoranir sem tengjast erfiðum vinnuaðstæðum vegna húsnaðisþrengsla.

⁴⁵

Sjá nánar á vefsíðu mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu, https://menntaseturlogreglu.is/wp-content/uploads/2023/07/MSL_Ýfrilitsnámskeida_HAUST_2023.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].

⁴⁶

Sbr. 31. gr. reglna nr. 1740/2022, um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

*Þeim **tilmælum** er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun lögglumanna, svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaraðferðum og skyndihjálp, og að þar sé tekið fullnægjandi mið af þeim skyldum sem löggregla hefur við vistun handtekinna manna.*

9

Heilbrigðisþjónusta

9.1

Almennt

Handteknir menn eru á ábyrgð og undir eftirliti yfirvalda meðan á dvöl í fangageymslu stendur. Því geta spurningar vaknað um skyldur lögreglunnar til þess að gera ráðstafanir til þess að þeir hafi aðgengi að heilbrigðisþjónustu, ef þörf krefur.

Strax við komu á lögreglustöð getur verið tilefni til þess að leita til heilbrigðisstarfsfólks um mat á því hvort fært sé að vista viðkomandi einstakling i fangaklefa eða hvort þörf sé á sjúkrahúsinnlögnum eða annars konar heilbrigðisþjónustu. Eins getur þurft að ganga úr skugga um hvort hinn vistaði taki lyf að staðaldri og þá hvort viðkomandi þurfi á lyfjunum að halda meðan á vistuninni stendur. Komi til þess að frávik verði í heilsufari einstaklings á meðan hann dvelur í fangageymslu getur jafnframt reynst nauðsynlegt að meta hvort um sé að ræða brýna þörf fyrir læknisaðstoð eða önnur inngríp, s.s. lyfjagjöf. Um laga-reglur og fjölbjóðleg viðmið er lúta að rétti frelsissvitra manna til heilbrigðisþjónustu er vísað til umfjöllunar í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heim-sóknar á lögreglustöðina á Hverfisgötu.⁴⁷

9.2

Læknisaðstoð

I verklagsreglum embættis lögreglustjórans á Suðurlandi segir að ef handtekinn maður er meðvitundarlaus eða með svo skerta meðvitund eða skynjun að hann geti ekki gert grein fyrir sér og virðist ekki átta sig, skuli ekki vista hann í fangaklefa heldur flytja á sjúkrahús þegar í stað. Þá skuli leita samráðs við lækni um viðeigandi úrræði fyrir sjúka menn og konur sem eru barnshafandi eða með barn á brjósti en í reglunum segir n.t.t. að handteknir einstaklingar í þessari

⁴⁷

Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 64-70. Birt á vefsíðu: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023]. Sjá einnig umfjöllun í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20.-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 23-26. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-suðurnesjum.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023] og í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 36-39. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

stöðu skuli ekki vistast í „venjulegum fangaklefa“.⁴⁸ Í reglunum er ekki getið um í hvers hlut það fellur að leggja mat á hvort ástand vistaðra sé með þeim hætti að þörf sé að kalla eftir lækni. Þá er ekki vikið að því hvernig bregðast eigi við ef sjálfsvigs- eða sjálfsskaðahætta eða önnur alvarleg geðræn einkenni gera vart við sig hjá vistuðum einstaklingi.⁴⁹ Í þessu sambandi má nefna að nefnd um eftirlit með löggreglu hefur beint þeim tilmælum til embættis ríkislögreglustjóra að setja samræmdar verklagsreglur um vistun handtekinna manna og mat á að-stæðum þegar kalla þurfi til lækni eða hjúkrunarfræðing.⁵⁰

Að sögn stjórnenda og starfsfólks löggreglustöðvarinnar hefur samstarf við heilbrigðisstarfsfólk í tengslum við aðhlynningu vistaðra gengið vel. Nefndi starfsfólk að staðsetning Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í nágrenni löggreglu-stöðvarinnar hefði mikla þýðingu í því samhengi, en vegna nálægðarinnar væri aðgengi að heilbrigðisstarfólk greitt og viðbragðstími stuttur. Líkt og tíðkast hjá öðrum löggregluembættum fá handteknir menn upplýsingablað við innkomu á löggreglustöð þar sem þeim er m.a. kynntur réttur þeirra til þess að fá læknisað-stoð þurfi þeir á henni að halda. Ákvörðun um að kalla eftir aðstoð heilbrigðis-starfsmanns fer fram að undangengnu mati starfsmanna á ástandi hins vistaða en að sögn starfsfólks er almennt leitað ráðlegginga heilbrigðisstarfsmanns í vafatilvikum.

Samkvæmt starfsfólk er vistuðum mönnum ekki sérstaklega tryggð að-staða þar sem skoðun og/eða samtal við heilbrigðisstarfsmann getur farið fram í næði. Í þessu sambandi er rétt að minna á viðmið CPT-nefndarinnar um að læknisskoðun skuli fara fram án þess að löggreglumenn heyri til og úr augsýn þeirra, nema læknir óski annars í sérstökum tilvikum.⁵¹

9.3

Úrræði fyrir einstaklinga með geðræn einkenni

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að ein af stærstu áskorunum í starfi lög-reglunnar á Suðurlandi tengdist afskiptum af einstaklingum sem ekki eru

⁴⁸ Sjá 3. kafla verklagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

⁴⁹ Líkt og áður hefur komið fram segir í athugasemdum lögreglustjórans á Suðurlandi við skýrsludrógin, dags. 22. nóvember 2023, að endurskoðun á verklagsreglum standi yfir og að áfórmáð sé að ljúka þeirri vinnum á næstu vikum. Rétt er að geta þess að í drögum að nýjum verklagsreglum, sem bárust umboðsmanni sama dag, virðist gert ráð fyrir ýmsum breytingum varðandi þau atriði sem fjallað er um í kaflanum.

⁵⁰ Sbr. mál nr. NEL 18100009. Á þetta hefur áður verið bent í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 66. Birt á vefsíðu:

https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023] og Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 36. Birt á vefsíðu: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

⁵¹ Sjá Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsg. 38. Birt á vefsíðu: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 29. nóvember 2023] og Developments concerning CPT standards in respect of police custody. Extract from the 12th General Report of the CPT, birt árið 2002. CPT/Inf(2002)15-part, málsg. 42. Birt á vefsíðu: <https://rm.coe.int/16806cd1ed> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

grunaðir um refsiverða háttsemi en sökum geðrænna einkenna og/eða vímuástands þarf að tryggja örugga vistun. Að sögn stjórnenda er ekki óalgengt að einstaklingar í þessari stöðu dvelji næturlangt í fangaklefa vegna skorts á öðrum úrræðum. Í því sambandi nefndi starfsfólk tregðu geðdeilda við að taká á móti einstaklingum í sliku ástandi, s.s. vegna sjónarmiða um öryggi starfsfólks og sjúklinga, og skort á neyðarskýlum fyrir heimilislausa í umdæminu.

Það ber að áréttu að skortur á úrræðum fyrir einstaklinga sem lenda í höndum lögreglu vegna geðraens ástands og/eða vímuefnaneyslu er ekki bundinn við embætti lögreglustjórans á Suðurlandi, heldur er um að ræða umfangsmeira vandamál sem rekja má til skorts á samvinnu milli kerfa löggæslu og heilbrigðismála en einnig eftir atvikum félagsmála. Umboðsmaður Alþingis fjallaði m.a. um áskoranir þessu tengdu í ársskýrslu sinni árið 2021 og áréttu að til þess að menn í þessari stöðu fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt þurfi umræddar stofnanir, eftir atvikum fyrir atbeina hlut-aðeigandi fagráðuneyta, að stilla betur saman strengi sína.⁵²

9.4

Sjálfsvígs- og sjálfsskaðahætta

Líkt og áður kom fram hefur lögreglustjórin á Suðurlandi ekki sett sér skriflegt verklag um hvernig bregðast eigi við ef grunur leikur á að einstaklingur sem vistaður er í fangageymslu sé í sjálfsvígs- eða sjálfsskaðahættu. Í svari lögreglustjórans við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis vegna athugunar á verklagi hjá lögregluembættum landsins um vistaða menn í sjálfsvígshættu frá árinu 2017⁵³ segir að framkvæmdin sé með þeim hætti að ef talið er nauðsynlegt að vista mann í sjálfsvígshættu sé kallað eftir lækni til þess að meta ástand viðkomandi. Að öðrum kosti séu menn í sjálfsvígshættu fluttir á heilbrigðisstofnun til með-höndlunar. Auk þess sé kveðið á um það með skriflegum hætti í verklagsreglum embættisins að í öryggisskyni skuli fjarlægja belti, gleraugu, hálsbindi og aðra muni sem mögulegt er að skaða sig á áður en vistun hefst.⁵⁴

Samkvæmt upplýsingum sem aflað var frá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi í tengslum við heimsóknina hafa tvö tilvik verið skráð í LÖKE þar sem einstaklingur í fangaklefa reynir að skaða sig á síðastliðnum tíu árum. Í báðum tilvikum hafði viðkomandi reynt að þrengja að öndunarvegi sinum með fatnaði en ekki hlutust alvarlegar afleiðingar af. Við yfirferð á dagbókarfærslum og skráningum í LÖKE sem umboðsmaður óskaði eftir í tengslum við síðustu tíu einstaklinga sem hafa dvalið í fangageymslunni var m.a. getið um tilvik þar sem einstaklingur hafði reynt að skaða sig með svipuðum hætti. Athygli vakti að um-

⁵²

Sjá kafla 1.5 í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2021, bls. 20. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10197/ua-arsskýrsla-2021.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

⁵³

Um er að ræða eitt af gögnum í máli nr. 9939/2018 sem lokið var með bréfi 6. mars 2019.

⁵⁴

Sjá 7. kafla verklagsreglna lögreglustjórans í Árnessýslu frá 22. febrúar 1995, um fangelsun og meðferð handtekinna manna.

rætt atvik var ekki annað þeirra sem embættið upplýsti um í svari til umboðsmanns við fyrirspurn um allar sjálfsskaðatilraunir í fangageymslunni á síðustu tíu árum. Af þessu verður ekki annað séð en að skráning atvika þar sem um er að ræða sjálfsskaða eða tilraun til sjálfsskaða sé ábótavant.

Í þessu sambandi skal vakin athygli á að umboðsmaður hefur áður fjallað um vandkvæði í tengslum við skráningar og framköllun upplýsinga í LÖKE um tilteknar tegundir atvika í fangageymslum, s.s. sjálfsskaða og sjálfsvígstilraunir. Í skýrslu vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra benti umboðsmaður á að brugðist hefði verið við þessum vanda með innleiðingu svonefnðs mælaborðs, sem er tölfraðikerfi sem býður upp á þann möguleika að vakta einstaka fráviksþætti vistaðra, s.s. geðræn einkenni, sjálfsvígstilraunir og sjálfsskaða.⁵⁵ Í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram má ætla að starfsfólki lögreglustjórans á Suðurlandi sé ekki kunnugt um þessar umbætur eða hafi ekki aðgang að uppfærðum skráningarmöguleikum.

Eftirfarandi ábendingum er komið á framfæri við lögreglustjóramm á Suðurlandi, eftir atvikum með aðkomu ríkislöggreglustjóra:

- Að skýra verkferla um ábyrgð og framkvæmd mats á þörf handtekins manns fyrir heilbrigðispjónustu.
- Að kynna sér uppfærða skráningarmöguleika um frávik í fangageymslu lögreglu og tryggja að skráning þar um sé í réttu horfi.

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að tryggja að fram fari einstaklingsbundið mat á því hvort þörf sé fyrir viðveru lögreglu í læknaviðtölum.

55

Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 39. Birt á vefsloð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

10 Kvörtunar- og kæruleiðir

10.1

Almennt

CPT-nefndin hefur lagt áherslu á mikilvægi kvörtunar- og kæruleiða til sjálfstæðra eftirlitsaðila sem öryggisráðstöfun til að sporna gegn illri meðferð í haldi lögreglu.⁵⁶ Í fyrri skýrslum umboðsmanns Alþingis hefur ítarlega verið fjallað um kvörtunar- og kæruleiðir sem einstaklingar sem vistast í fangageymslu geta nýtt sér meðan á vistun stendur og að henni lokinni. Vísast einkum til skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu á Hverfisgötu í því sambandi.⁵⁷

10.2

Upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurlandi er ekki venja að kynna mönnum sérstaklega kvörtunar- eða kæruleiðir vegna vistunar þegar þeir eru látnir lausir. Þá er upplýsingar um þetta atriði ekki að finna á upplýsingablaði sem kynnt er mönnum við upphaf vistunar. Í heimsókninni kom hins vegar fram að lýsi maður yfir vilja sínum til þess að kvarta undan einhverju sem tengist vistun hans í fangaklefa eða störfum lögreglu sé honum bent á nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL).

Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Suðurlandi að tryggja að upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið og að starfsmönnum sé leiðbeint sérstaklega um hvernig gæta beri að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.

⁵⁶

Sjá *Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT*, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsgr. 41. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

⁵⁷

Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 81-88.* Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 29. nóvember 2023].

11 Eftirfylgni

Umboðsmaður mun áfram fylgjast með þróun mála sem og viðbrögðum lögreglurstjórans á Suðurlandi og ríkislöggreglustjóra í kjölfar þessarar skýrslu sem getur orðið tilefni til þess að hann taki tiltekin atriði til frekari skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins eða frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Með sama hætti mun umboðsmaður fylgjast með því hver verður framvinda þeirra atriða sem bent er á í þessari skýrslu og varða aðkomu dómsmálaráðherra.

Í ljósi réttaröryggis þeirra einstaklinga sem eru vistaðir í fangageymslu lögreglu og þeirra athugasemda sem settar eru fram í skýrslunni er þess óskað að lögreglustjórinna á Suðurlandi og ríkislöggreglustjóri upplýsi umboðsmann um viðbrögð við þeim tilmælum og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni eigi síðar en 1. júní 2024. Þannig er þess óskað að upplýst verði um hvort tilmælin og ábendingarnar leiði til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni. Þess er jafnframt óskað að umboðsmanni hafi á sama tíma verið gerð grein fyrir viðbrögðum dómsmálaráðuneytisins við þeim tilmælum og ábendingum sem beint er til þeirra.

